

Tengt nafn: "Þórður Sveinsson (1772)"

1 **Vers við hjónavígslu**  
[Vers við hjónavígslu. 1796.]

*Útgáfustaður og -ár:* Leirárgarðar, e.t.v. 1796

*Tengt nafn:* Þórður Sveinsson (1772)

*Tengt nafn:* Kristín Magnúsdóttir (1756)

*Varðveislusaga:* Þórarinn Sveinsson bókbindari segir m. a. svo frá um brúðkaup Þórðar, bróður síns, og Kristínar Magnúsdóttur, haldið að Leirá 26. október 1796: „Voru prentuð á þremur blöðum í 4to vers, sem áttu að syngjast við hjónavígsluna. Voru það Te deum: Þér mikli guð sé mesti prís. Sálmurinn 187: Oss ber kristnum orku neyta, og versin fyrir og eptir vígsluna, en báðum var þeim talsvert um breytt, er þau komu í sálmabókina. Átti Skagfjörð að vera fyrir söngnum, því hann var aðgæða söngmaður, og átti að brúka tvísöng, þar því varð komið við, og danskar vísur: kvennaskálin: Skaparinn leit þá nýsköpuðu jörðu eptir Baggesen; ölvísan: Vínber spretta á vorri jörðu eptir Fallesen og Bóndabragur: Eg er svo frór, eg er svo hýr eptir Thaarup; áttu þær að syngjast yfir ölföngunum, og voru prentaðar á smá blöð, og útbýttast svo til söngvaranna.“ Ekkert eintak er nú þekkt.

*Efnisorð:* Bókmenntir ; Kveðskapur / Kvæði ; Tækifæriskvæði

*Bókfræði:* Ævisögubrot Þórarins bókbindara Sveinssonar, Blanda 2 (1921-1923), 339.